

Reglugjörð

112
22. okt.

fyrir forðagæslumenn í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Forðagæslumenn skulu í hreppi hverjum ekki vera fleiri en hjer segir:

Í Vindhælishreppi	4
Í Engihlíðarhreppi	2
Í Bólstaðarhlíðarhreppi	3
Í Svínavatnshreppi	3
Í Torfalækjarhreppi	3
Í Sveinsstaðahreppi	2
Í Ásshreppi	2

2. gr.

Eftirlitsferðir þær, er umgetur í 3. gr. laga um forðagæslu frá 10. nóvbr. 1913, skulu forðagæslumenn framkvæma: hina fyrri frá 1.—30. nóv., en hina síðari frá 1.—30. mars. Þar að auki skulu forðagæslumenn hafa sjerstakt eftirlit með heimilum, sem þeir álita hætt við að lendi í fódurþröng.

3. gr.

Í ferðum þessum skulu forðagæslumenn athuga vandlega peningsfjölda, skepnuhirðing, heybirgðir og aðrar fódurbirgðir hvers fjáreiganda, svo og húsa-kynni fyrir búpening og færa nákvæma skýrslu um hverja skoðunarferð í þartil gerða bók, og tilkynna hreppsnefndinni tafarlaust ástandið, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir, ef þeim finst eitthvað athugasvert.

4. gr.

Í hverri eftirlitsferð skulu forðagæslumenn meta fódurbirgðir, og að vorinu um það bil sem fje er slept af gjöf fódurfyrningar, og skulu þeir rita nákvæmar skýrslur um í bækur sínar samkvæmt fyrirskipuðu formi.

5. gr.

Ef forðagæslumenn álita að búpeningi einhvers sje ekki ætlað nægilega mikið eða gott fódur, eða þeir álita ávant hvað hirðingu og húsrúm snertir, skulu þeir áminna hlutaðeigendur um að bæta úr því, sem áfátt kann að vera. Jafnframt skulu þeir gefa þau ráð og bendingar, þeir telja þörf.

112

6. gr.

22. okt.

Forðagæslumenn geta heimtað, að allir þeir, er búpening hafa undir hendi, hvort heldur er til fóðurs eða í haga hafi hann viðlátinn á þeim tíma, er forðagæslumaður tiltekur.

7. gr.

Á hverju vori skulu forðagæslumenn veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst upp úr fardögum senda sýslumanni aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda. Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skulu forðagæslumenn lesa upp úr forðagæslubókum hreppsins alt það, er í þær hefir verið ritað frá síðustu vorhreppaskilum.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari eða fyrirskipun forðagæslumanns varða sektum samkvæmt 12. gr. laga um forðagæslu frá 10. nóv. 1913.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. október 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.